

Hvernig fá stjórnendur yfirsýn yfir þróun mannauðs og launakostnaðar á einfaldan hátt?

Á samkeppnismarkaði verða fyrirtæki að hafa yfir að ráða öflugri lausn sem gerir stjórnendum kleift að nálgast áreiðanlegar skýrslur um mannauð og launakostnað á einfaldan og skjótan hátt.

Applicon Listasmiðja uppfyllir kröfur fyrirtækja um einfalda og hraðvirka skýrslugerð. Listasmiðja Applicon er alhliða greiningartæki sem gefur upplýsingar um bakgrunnsbreytur mannauðs fyrirtækisins ásamt upplýsingum um launakostnað og launaáætlun flokkað eftir þessum breytum.

Applicon Listasmiðja hefur einstaklega notendavætt viðmót og minnir um margt á pivot töflur í excel, þar sem hægt er að velta gögnum á ýmsa vegu til að birta sömu gögn á mismunandi hátt. Aðgangsstýringar í Applicon Listasmiðju eru mjög öflugar og byggja á skipuriti fyrirtækisins. Það tryggir að stjórnendur sjá eingöngu upplýsingar um sína starfsmenn, þar sem það á við.

Helstu eiginleikar

- Sveigjanlegir notkunarmöguleikar.
- Notendavætt.
- Auðvelt að nálgast allar launa- og starfsmannaupplýsingar.
- Fullgild fyrir alla launagreiðendur þar með talið sveitarfélög og sjávarútvegsfyrirtæki.
- Auðveld uppsetning.

Helsti ávinningur

- Hraðvirk vinnsla.
- Gott aðgengi stjórnenda.
- Öflugar aðgangsstýringar.
- Samanburður á launum og launaáætlunum.
- Samanburður á launum á milli tímabila.
- Margvísleg framsetning gagna :
Töflulistar, myndrit, skipurit.



Applicon er hugbúnaðar- og ráðgjafar-fyrirtæki á sviði SAP og Microsoft lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum.

Applicon starfar í fjórum löndum; Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Starfsmenn Applicon félaganna eru um 200. Hjá Applicon á Íslandi starfa 45 manns með mikla reynslu af margvíslegum verkefnum.

Applicon var fyrirtæki ársins 2007 og fyrirmyndarfyrirtæki árið 2008 samkvæmt könnun VR.

Lausnir Applicon eru sérsníðnar að þörfum fyrirtækja á íslenskum markaði. Þróun þeirra byggir á yfir 10 ára reynslu af samstarfi með viðskiptavinum fyrirtækisins sem margir hverjir eru meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Lausnir Applicon eru áreiðanlegar og tryggja notendum ávinning í daglegu vinnuumhverfi. Starfsmenn Applicon eru með víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem tryggir viðskiptavinum Applicon góða og örugga þjónustu.

Sveigjanlegir notkunarmöguleikar

Applicon Listasmiðja býður upp á hraðvirka og sveigjanlega skýrslugerð og er miðuð við þarfir stjórnenda sem fylgjast vilja með þróun mannauðs og fylgjast náið með þróun launakostnaðar.

Applicon Listasmiðja býður upp á samanburð á launakostnaði og áætlanagerð launakostnaðar. Öflugar aðgangsstýringar eru í kerfinu

Einfalt er að útbúa eigin skýrslur og breyta útliti þeirra eftir þörfum. Sömu gögn er hægt að skoða út frá flestum þeim bakgrunnsbreytum sem notuð eru í mannauðshluta SAP, hvort sem um er að ræða laun eftir kyni, starfi, stöðu, menntun o.s.frv., eða hvort skoða á starfsmannagögn. Þetta er gert á einfaldan hátt með „drag & drop“ og sjást breytingar strax á skjánum.

Tvær gerðir af formúlusmiðum fylgja lausninni sem gefa mikla möguleika.

Fjölpætt reynsla

Applicon, í samvinnu við SAP, hefur óviðjafnanlega þekkingu og reynslu eftir yfir 10 ára veru á íslenskum markaði og ráðgjafar Applicon hafa margir áralanga reynslu. Hjá Applicon starfa alls átta ráðgjafar og forritarar sem eru sérhæfðir í mannauðs- og launalausninni.

Applicon Listasmiðja er í notkun hjá Nýherja og öllum dótturfyrirtækjum þess. Lausnin er hraðvirk og vinnur mjög vel með lausninni Applicon Mannauði og Applicon launum sem byggir á SAP grunni. Þar að auki vinnur Applicon Listasmiðjan listavel með Applicon Launaáætlun og gefur skýra mynd af þróun launakostnaðar miðað við þá launaáætlun sem vinna á eftir.

Applicon Listasmiðjan hentar öllum íslenskum fyrirtækjum, hvort sem um er að ræða einkafyrirtæki, stofnanir eða sveitafélög.

